

284. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER 2018 KL. 9:30

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
- 2) Reglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs
- 3) Kirkjuþing
 - a) Kirkjuþing 2018, mál sem ganga til kirkjuráðs
- 4) Fjármál og fasteignir
 - a) Viðbrögð héraðsnefnda við umsagnarbeiðni um tillögu til kirkjuráðs um úthlutun styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna
 - b) Dalsgarður, Mosfellsbæ, ósk um kaup á landi
 - c) Reiðleið um Hálsmela, umsagnarbeiðni frá Þingeyjarsveit
 - d) Þóknananefnd, erindi og fundargerð frá 24. sept. 2018, áður á dagskrá 282. fundar
 - e) Þingvellir, Stefnumótun, tillaga til kynningar
 - f) Hlaðir, Möðruvellir, umsókn um malarnám
 - g) Syðra-Laugaland, úttekt landsúttektarmanna
 - h) Brautarholtssókn, erindi sóknarnefndar varðandi lóðarmál
 - i) Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2019-2021 tillaga til kirkjuráðs
 - j) Staðastaður, Minjastofnun, framkvæmdaleyfi vegna nýs vegar frá kirkju að kirkjugarði
 - k) Votlendissjóður, erindi varðandi endurheimt votlendis á Kolfreyjustað. Áður á dagskrá 281. fundar
- 5) Málefni Skálholts
 - a) Framtíðaruppbygging í Skálholti. Kolbeinn Kolbeinsson ráðgjafi kynnir hugmyndir sínar
 - b) Skálholtsfélagið hið nýja, umsókn um útgáfustyrk.
 - c) Fundargerð 56. fundar stjórnar Skálholts, dags. 20. nóvember.
- 6) Kröfugerð fyrrum sóknarprests á Staðastað
- 7) Húsaleigumál prestsetra
- 8) Starfshópar kirkjuráðs
- 9) Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐUSTA FUNDAR

Fundurinn hófst í þjónustumiðstöð Biskupsstofu í safnaðarheimili Háteigskirkju kl. 9:30. Á fundinum voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem tók til við ritun fundargerðar, eftir samþykkt ráðsins þess efnis sbr. lið 2.

Að loknum dagskrárliðum 1 og 2 sátu fundinn varafulltrúar kirkjuráðs Berglind Hönnudóttir, séra Guðrún Karls Helgudóttir, sem jafnframt er formaður allsherjarnefndar kirkjuþings, og séra Hreinn Hákonarson. Einnig sátu þá fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri og Kolbeinn Kolbeinsson ráðgjafi kirkjuráðs varðandi eignir kirkjumálasjóðs í Skálholti sem sat fundinn undir dagskrárliðum 3 og 5.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, varafulltrúi í kirkjuráði, boðaði forföll.

Þegar málefni kirkjuþings voru á dagskrá voru jafnframt á fundinum Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og formaður stjórnar Skálholtsstaðar og séra Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti, sem jafnframt sátu fundinn í umræðu um dagskrárlið 5, séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings og Steindór Haraldsson formaður löggjafarnefndar kirkjuþings.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

2. REGLUR UM STJÓRNSÝSLU OG STARFSHÆTTI KIRKJURÁÐS

Biskup Íslands lagði fram tillögu að endurskoðuðum reglum um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs.

Jafnframt lagði biskup Íslands fram drög að starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.

Kirkjuráð samþykkti reglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs.

Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður lagði fram eftirfarandi bókun: *Undirritaður getur ekki stutt þessar tillögur þar sem ekki hefur unnist tími til að kynna sér innihald þeirra vegna þess hve tillögurnar eru seint fram komnar.*

Kirkjuráð samþykkti jafnframt að óska eftir því við biskupsritara að hann annaðist ritun fundargerða kirkjuráðs.

3. KIRKJUÞING 2018, AFGREIÐSLA MÁLA

Kirkjuþing 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Forseti kirkjuráðs hafði framsögu um málin.

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.

Kirkjuþing ályktar að hugað verði að félagatali þjóðkirkjunnar. Auk þess sem birt verði reglulega á heimasíðu kirkjunnar tölur um þátttöku í kirkjulegum athöfnum og öðru starfi kirkjunnar.

□ Kirkjuráð samþykkti að setja ofangreind málefni í forgang. Kirkjuráð samþykkti að taka upp viðræður við Þjóðskrá Íslands um skráningarmál þjóðkirkjufólks. Kirkjuráð felur kirkjustarfshópi að fara yfir skráningarmál þjóðkirkjunnar og félagatalið og að fylgja máli 2. málsliðar eftir gagnvart umsjónaraðilum heimasíðunnar og þeim sem sinna tæknimálum og gefa kirkjuráði skýrslu um stöðu mála á næsta fundi.

Kirkjuþing þakkar skírarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram og kynni söfnuðum tillögur sínar.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar.

Kirkjuþing ályktar að kirkjuráð geti framvegis um stöðu og framvindu mála í ársskýrslu sinni.

□ Kirkjuráð samþykkti að taka ábendinguna til greina.

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan taki upplýsinga- og kynningarmál föstum tókum og læri af þeim kostnaðarsömu mistökum sem gerð hafa verið.

□ Kirkjuráð lýsir yfir ánægju með hina nýju heimasíðu kirkjan.is og nýjan þjónustuvef, en hvetur umsjónaraðila til að sinna af hraða og festu því að lagfæra og útfæra vefina í samræmi við þær ábendingar sem borist hafa. Kirkjuráð hefur þegar slitið samstarfinu sem lýtur að verkefninu leitandi.is.

Kirkjuþing fagnar því að kirkjuráð hafi loks ákveðið að auglýsa eftir jafnréttisfulltrúa sem kirkjuþing 2017 samþykkti að ráða.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar.

Kirkjuþing metur störf kirkjuþings unga fólksins og hvetur þingfulltrúa KUF til að láta rödd sína heyrast áfram.

□ Kirkjuráð tekur undir hvatningu kirkjuþings í garð unga fólksins í kirkjunni. Rödd þeirra er kirkjunni mikilvæg.

Kirkjuþing hvetur til þess að stutt verði við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstarumhverfi hennar verði tryggt svo hún geti áfram sinnt sínu hlutverki við útgáfu, boðun og fræðslu.

□ Kirkjuráð mun leitast við í verkum sínum að styðja við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstrarumhverfis hennar. Kirkjuráð mun leita eftir fundi með forsvarsmönnum Skálholtsútgáfunnar til að ræða málefni hennar við fyrsta tækifæri.

2. mál. Fjármál þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2018 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Skálholts fyrir árið 2017.

Endurskoðun ársreikninga jöfnunarsjóðs, Kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs er ekki lokið og því ekki hægt að taka afstöðu til þeirra. Fjárhagsnefnd kirkjuþings mun taka þá til skoðunar þegar þeir liggja fyrir.

Fjárhagsnefnd hefur kynnt sér fjárhagsáætlanir Biskupsstofu, jöfnunarsjóðs, Kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs fyrir 2019. Óskað er eftir að fjárhagsáætlanir sjóðanna verði unnar á sama formi og fjárhagsáætlun biskupsstofu. Einnig er bent á að greinargerðir og aðrar fjárhagsupplýsingar liggi fyrir ekki seinna en í september.

□ Kirkjuráð tekur athugasemd fjárhagsnefndar kirkjuþings til greina og mun vinna að því að greinargerðir og fjárhagsupplýsingar liggi fyrir ekki seinna en í september.

3. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið.

Kirkjuþing 2018 samþykkti að umsögn sú um frumvarp dómsmálaráðuneytisins, sem fram kom í nefndaráliti löggjafarnefndar þingsins á þskj. 48, verði send dómsmálaráðherra.

□ Ályktun kirkjuþings var send dómsmálaráðherra hinn 9. nóvember s.l.

4. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.

Málið var dregið til baka af flutningsmönnum og hlaut því ekki afgreiðslu kirkjuþings.

5. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Sameining prestakalla, Árborg.

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

6. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Sameining Bústaða- og Grensásprestakalla, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, í eitt prestakall, Fossvogsprestakall. Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingu á 12. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði: Bústaða- og Grensásprestaköll, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, sameinist í eitt prestakall, Fossvogsprestakall. Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

7. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Sameining Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll, Vestfjarðarófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

8. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Sameining Akureyrar- og Laugalandsprestakalla, Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Eyjafjarðarprestakall. Lögbýlið Ingjaldsstaðir, sem nú tilheyrir Einarstaðasókn, tilheyrir eftirleiðis Ljósavatnssókn. Felst í þessu breyting sóknarmarkna á milli téðra sókna.

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldsþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

9. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Sameining Langanes- og Skinnastaðarprestakalla, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingu á 12. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði: Langanes- og Skinnastaðarprestakalla, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall. Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

10. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll, Austurlandsprófastsdæmi, sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti Kolfreyjustaðarprestakalls verði Austfjarðarprestakall. Sameining hvers prestakalls sem tilgreint er öðlist gildi við starfslok hlutaðeigandi sóknarprests.

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldsþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

11. mál. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2018 samþykkti að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfðri kærleikspjónustu kirkjunnar. Tillaga að stefnu fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

□ Kirkjuráð samþykkti að leitað verði eftir tilnefningum í nefndina svo hún verði skipuð.

12. mál. Tillaga að starfsreglum um samfélags- og fræðslunefnd.

Kirkjuþing samþykkti að biskup Íslands skipi fimm fulltrúa í samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnastjórar frá fræðslusviði, kærleikspjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Nefndin skal skipa með sér verkum.

□ Kirkjuráð samþykkti að nefndin verði skipuð að lokinni birtingu starfsreglnanna í Stjórnartíðindum.

13. mál. Þingsályktun um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni.

Kirkjuþing ályktaði að #metoo áskorun prestsvígðra kvenna frá 16. janúar 2018 verði tekin alvarlega og mun beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestsvígðra og annarra, í kirkjunni.

14. mál. Tillaga til þingsályktunar um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi.

Kirkjuþing 2018 samþykkti að skipa nefnd þriggja fulltrúa til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings hið fyrsta þannig að þær fái endanlega úrlausn kirkjuþings á fyrri hluta árs 2019.

□ Kirkjuráð ræddi 13. og 14. mál saman. Fyrir liggur að biskupsstofu ber að semja reglur um öryggi og heilbrigði á vinnustað og stendur sú vinna yfir. Þá hefur staðið yfir vinna við verkefnið „Verklag í viðkvæmum aðstæðum“. Biskup Íslands leggur til að mannauðsstjóri Biskupsstofu annist um samhæfingu þessara verkefna og samþættingu þar sem við á.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela séra Vigfúsi Bjarna Albertssyni formennsku í nefndinni, í kjölfar atkvæðagreiðslu um málið. Kirkjuráð samþykkir að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að fjárveitingum úr kirkjumálasjóði til að fjármagna störf nefndarinnar og önnur verkefni þessu tengdu ef þörf er á.

Séra Arna Grétarsdóttir óskaði eftir að bókað yrði að hún hefði lagt til að Kolbrúnu Baldursdóttur yrði falin formennska í nefndinni, vegna þekkingar hennar á málinu.

15. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings. (óflekkað mannorð)

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna: Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo: Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð. Enginn skv. 2. mgr. telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

16. mál. Tillaga að breytingum á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks kirkjunnar.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi viðbót við siðareglurnar: Hver sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður innan sókna og stofnana þjóðkirkjunnar, launaður eða ólaunaður, kjörinn fulltrúi eða annar sem gegnir trúnaðarstörfum, hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til fagraðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, biskups Íslands eða eftir atvikum kært.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

17. mál. Tillaga til þingsályktunar um persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna.

Kirkjuþing 2018 samþykkti persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

18. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestsetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar (hlunnindi)

Tillagan kvað á um breytingu á 1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna. Kirkjuþing samþykkti tillöguna með tveimur breytingatillögum á þskj. 28 og 50. Í nefndaráliti fjárhagsnefndar á þskj. 49 kemur fram að hin breytta mgr. hljóði svo: Prestur nýtur arðs af hlunninatekjum prestsseturs, öðrum en tekjum af veiði í ám og vötnum, svo og þeim réttindum sem getið er í 11. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004. Þá skulu tekjur af landspildum og lóðum, sbr. 22. og 23. gr. ábúðarlaga renna til kirkjumálasjóðs. Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemur fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð

prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs miðað við janúar ár hvert. Ekki skal þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að upplýsa þá sem breytingin mun hafa áhrif á.

19. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. (húsaleigustyrkur)

Í tillögunni er kveðið á um að þær breytingar verði á 12. gr. starfsreglnanna að í prestaköllum sem í henni eru tilgreind falli brott ákvæði um prestsetur hinn 1. desember 2018. Þá segir, (2. gr.): Greiðsla húsaleigustyrkja á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, fellur niður. Greiðsla húsaleigustyrkja til þeirra presta sem styrkgreiðslna njóta við gildistöku starfsreglna þessara fellur brott eigi síðar en 1. desember 2019. Láti prestur af embætti eða fái heimild til að búa utan prestakalls fyrir 1. desember 2019 fellur skylda til að leggja til prestssetur í því prestakalli brott.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að upplýsa þá sem breytingin mun hafa áhrif á.

20. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði (Saurbær).

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldsþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

Formaður löggjafarnefndar óskaði eftir því við kirkjuráð að ráðið taki málið til umfjöllunar og eftir atvikum geri tillögu að lausn málsins.

21. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta (matsnefnd).

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldsþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í löggjafarnefnd kirkjuþings.

22. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á ýmsum starfsreglum kirkjuþings. Kirkjuþing afgreiddi málið.

23. mál. Tillaga til þingsályktunar um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Fyrri umræðu málsins er lokið á kirkjuþingi. Síðari umræðan fer fram á framhaldsþinginu á nýju ári. Málið er því enn til umfjöllunar í fjárhagsnefnd kirkjuþings.

24. mál. Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna. Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

25. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.

Tillagan kvað á um að að þinghaldið verði í tvo daga yfir helgi, æskulýðsleiðtogum úr tilteknum prófastsdæmum fjölgi um einn, fulltrúar sem valdir eru af stjórn KFUM og KFUK hafi málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt á þinginu og að fulltrúar skuli vera starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitji fyrir.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

26. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings (þóknananefnd).

Tillagan kvað á um að nefndin skuli birta ákvarðanir sínar um þóknanir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing samþykkti tillöguna með breytingatillögu. Hin breyttu ákvæði 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna hljóða svo skv. nefndaráliti löggjafarnefndar: Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Ennfremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknanir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing afgreiddi málið.

27. mál. Tillaga til þingsályktunar um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2018 samþykkti fræðslustefnu þjóðkirkjunnar þar sem sérstök áhersla er lögð á skírnarfræðslu og fræðslu um umhverfismál. Kirkjuþing 2018 felur biskupi Íslands og kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar samkvæmt aðgerðaráætlun.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að athuga hvaða kostnað áætla megi af því að hrinda áætluninni í framkvæmd og leggja fyrir kirkjuráð.

Forseti kirkjuþings lagði til að kirkjuþingi 2018 verði framhaldið 2. mars nk.

Kirkjuráð samþykkti þá dagsetningu og mun það standa í allt að tvo daga.

4. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Jöfnunarsjóður sókna. Viðbrögð héraðsnefnda við umsagnarbeiðni um tillögu til kirkjuráðs um úthlutun styrkja.

Lögð voru fram viðbrögð héraðsnefnda Austurlandsprófastsdæmis, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, Reykjavíkurborgarprófastsdæmis eystra og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis lagðar fram.

Kirkjuráð samþykkti að vísa viðbrögðunum til fjármálahóps kirkjuráðs.

b) Dalsgarður, Mosfellsbæ, ósk um kaup á landi

Erindi eiganda Dalsgarðs ehf., um kaup á landsspildu, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu málsins.

c) Reiðleið um Hálsmela, umsagnarbeiðni frá Þingeyjarsveit

Lögð var fram umsagnarbeiðni frá Þingeyjarsveit er varðar fyrirhugaða reiðleið um Hálsmela.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu málsins.

d) Þóknananefnd, erindi og fundargerð frá 24. sept. 2018, áður á dagskrá 282. fundar
Á 282. fundi kirkjuráðs var lagt fram erindi frá þóknananefnd ásamt fundargerð frá 24. september sl. Afgreiðslu erindisins var frestað.

- Kirkjuráð samþykkti að beina þeim tilmælum til þóknananefndar að nefndin gætti verulegs aðhalds í ákvörðunum sínum vegna bágrar fjárhagsstöðu kirkjumálasjóðs.
- Kirkjuráð samþykkti tilmæli til nefndarinnar að endurskoða síðustu ákvörðun sína frá 24. september sl.

e) Þingvellir, Stefnumótun, tillaga til kynningar

Þingvallanefnd hefur lagt fram drög að stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

- Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi að gera tillögur að athugasemdum kirkjuráðs við stefnumótun Þingvallanefndar.

f) Hlaðir, Möðruvellir, umsókn um malarnám

Umsókn er varðar malarnám í landi Möðruvalla dagsett 28. 10. sl. lögð fram.

- Kirkjuráð samþykkti að fela fjármalahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu kirkjuráðs við umsókninni.

g) Syðra-Laugaland, úttekt landsúttektarmanna

Úttekt landsúttektarmanna vegna Syðra Laugalands lögð fram.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að semja við fráfarandi ábúanda um uppgjör vegna ábúðarloka.

h) Brautarholtssókn, erindi sóknarnefndar varðandi lóðarmál

- Kirkjuráð samþykkti að fela lögfræðingi kirkjuþings að veita sóknarnefnd aðstoð við vinnslu málsins.

i) Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2019-2021 tillaga til kirkjuráðs

Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs Biskupsstofu til næstu þriggja ára 2019-2021 lögð fram til kynningar.

j) Staðastaður, Minjastofnun, framkvæmdaleyfi vegna nýs vegar frá kirkju að kirkjugarði

Erindi frá Minjastofnun dagsett 9. nóvember um lagningu nýs vegar frá kirkju að kirkjugarði að Staðastað, lagt fram til kynningar.

k) Votlendissjóður, erindi varðandi endurheimt votlendis á Kolfreyjustað. Áður á dagskrá 281. fundar

Erindi frá Votlendissjóði er varðar hugmynd um endurheimt votlendis á kirkjujörðinni Kolfreyjustað í Austurlandsprófastsdæmi ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra um málið lagt fram.

- Kirkjuráð samþykkti að fela fjármalahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu kirkjuráðs á erindinu.

5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Framtíðaruppbygging í Skálholti.

Kolbeinn Kolbeinsson ráðgjafi ræddi aðkomu sína og mismunandi leiðir varðandi framtíðaruppbyggingu í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að vinna með Kolbeini og stjórn Skálholtsstaðar.

b) Skálholtsfélagið hið nýja, umsókn um útgáfustyrk.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillög að afgreiðslu erindisins fyrir næsta fund kirkjuráðs 12. desember nk.

c) Fundargerð 56. fundar stjórnar Skálholts, dagsett 20. nóvember 2018.

Fundargerð stjórnar Skálholts frá 20. nóvember sl. lögð fram. Víglubiskup í Skálholti, kynnti þau verkefni sem þar voru tilgreind.

6. KRÖFUGERÐ FYRRUM SÓKNARPRESTS Á STAÐASTAÐ

Kröfugerð fv. sóknarprests á Staðastað lögð fram til kynningar.

7. HÚSALEIGUMÁL PRESTA

Á síðasta fundi kirkjuráðs voru til umfjöllunar húsaleigumál presta. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs kynnti málið.

8. STARFSHÓPAR KIRKJURÁÐS

Samkvæmt reglum um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs eru þrjú starfshópar kirkjuráðs starfandi, lagahópur, fjármálahópur og kirkjustarfshópur. Einn til tveir kirkjuráðsmenn starfa í hverjum hópi, ásamt starfsmanni frá Biskupsstofu og formanni fastanefnda kirkjubings.

Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjubings mun starfa með lagahópi, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen fjármálastjóri Biskupsstofu mun starfa með fjármálahópi og séra Sigfús Kristjánsson, verkefnastjóri fræðslumála mun starfa með kirkjustarfshópi.

□ Kirkjuráð samþykkti að Stefán Magnússon muni starfa með lagahópi kirkjuráðs, Svana Helen Björnsdóttir og séra Axel Árnason Njarðvík munu starfa með fjármálahópi kirkjuráðs og séra Arna Grétarsdóttir muni starfa með kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

9. ÖNNUR MÁL

a. Fagráð um meðferð kynferðisbrota

Erindi frá formanni Fagráðs um meðferð kynferðisofbeldis hefur borist biskupi er varðar að fulltrúar í Fagráðinu hafa beðist lausnar frá störfum. Þar vantar nú einn aðalmann og tvo varamenn. Biskup bar upp tillögur sínar í þessum efnun og mun kirkjuráð ljúka málinu á næsta fundi.

b. Skólaráð Skálholtsskóla, nýr formaður

Kirkjuráð samþykkti að fela séra Óskari Hafsteini Óskarssyni formennsku í Skólaráði Skálholtsskóla.

c. Launanefnd þjóðkirkjunnar

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 2016 að afturkalla umboð launanefndar kirkjunnar.

Biskup lagði til að lagahópi kirkjuráðs og fjármálahópi verði falið að skoða hlutverk launanefndar og gera tillögu til kirkjuráðs um framtíðarskipan launanefndar.

Kirkjuráð samþykkti tillögu biskups.

d. Stjórn Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar

Kirkjuráð samþykkti að skipa dr. Arnfríði Guðmundsdóttur, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ í stjórn Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:22.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu miðvikudaginn 12. desember nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir